



Greinargerð með tillögu að gjaldskrá fyrir hirðu og eyðingu sorps í Akraneskaupstað

Með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 14. apríl síðastliðinn var álagning sorpgjalta hjá Akraneskaupstað fyrir árið 2016 samkvæmt gjaldskrá 1204/2015 talin ólögmæt vegna formgalla.

Úrskurðarnefndin taldi heilbrigðisfulltrúa/heilbrigðiseftirlitið ekki geta veitt lögbundna umsögn skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um mengunarvarnir og hollustuhætti í skjóli þess að eftirlitið starfi í umboði heilbrigðisnefndar, enda nefndinni einni ætlað það hlutverk samkvæmt skýlausu orðalagi ákvæðisins. Jákvæð umsögn heilbrigðisfulltrúa á gjaldskránni fyrir hönd heilbrigðisnefndarinnar var veitt 7. desember 2015 og taldi úrskurðarnefndin að eftirfarandi staðfesting heilbrigðisnefndar sem átti sér stað á fundi nefndarinnar 27. janúar 2016, ekki geta bætt úr ágallanum þar sem álagning samkvæmt gjaldskránni hafi þá farið fram.

Með vísan til laga um mengunarvarnir og hollustuhætti nr. 7/1998 og laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 er því nauðsynlegt að endurákvvarða sorpgjöld hjá Akraneskaupstað fyrir árið 2016.

Við endurákvörðunina nú er haft til hliðsjónar:

1. Forsendur fjárhagsáætlunar 2016
2. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 27. maí 2016
3. Rekstraryfirlit sorpmála hjá Akraneskaupstaðar tímabilið janúar til og með mars 2016
4. Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 17/2016 frá 14. apríl 2016
5. Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 54/2015 frá 26. nóvember 2015

Í forsendum fjárhagsáætlunar 2016 var gert ráð fyrir lægri hækjun sorpgjalta heldur en almennt gilti um aðrar þjónustugjaldskrár Akraneskaupstaðar. Almenn hækjun gjaldskráa milli árananna 2015 og 2016 var ákveðin 3,2% en hækjun sorpgjaldanna 1,5%. Í þjóðhagsspánni nú er gert ráð fyrir 2,2% hækjun neysluverðsvísítölu en 11,1 hækjun launa sem er mun meiri hækjun en var samkvæmt fyrri þjóðhagsspá (8,7%). Samkvæmt rekstraryfirliti er frávik frá áætlun ársins mjög lítið en gert er ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu sorpmála [málflokkur 08 og 53] að fjárhæð kr. 77.000.



Í úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 54/2015 er að finna mikilvæga leiðsögn um þá kostnaðarliði sem að fullnægðum skilyrðum eru lögmætur grundvöllur þjónustugjalda sbr. 2. og 3. mgr. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 sbr. 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Sú leiðbeining var höfð að leiðarljósi við ákvörðun sorpgjaldanna í fjárhagsáætlun 2016 og einnig nú.

Með hliðsjón af framangreindu er gert ráð fyrir að endurákvörðun sorpgjalda 2016 feli í sér óbreytta árlega gjaldtöku miðað við gjaldskrá 1204/2015 sbr. meðfylgjandi drög að nýrri gjaldskrá. Gert er því ráð fyrir að árlegt sorphreinsunargjald verði kr. 16.336 og sorpeyðingargjald kr. 13.931.

Í gjaldskránni er einnig útfærð innheimta gjaldanna vegna ársins 2016 þar sem gætt er ákvæða laga nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta vegna sorpgjalda sem þegar hafa verið innheimt vegna fyrri hluta ársins 2016.

Við ákvörðun sorpgjalda 2016 eru því eftirtaldir tekju- og gjaldaliðir lagðir til grundvallar:

1. Áætlaðar tekjur að fjárhæð kr. 79.155.000 (1,5 % hækkun gjalda).
2. Áætluð gjöld að fjárhæð kr. 79.078.000 sem greinast þannig:
 - a. Áætlaður sameiginlegur kostnaður, aðkeypt þjónusta o.fl. kr. 68.941.000.
 - b. Áætlaður annar kostnaður vegna „stjórnunarkostnaðar“ og umsýslu bæjarskrifstofu (stjórnsýslu- og fjármálasviðs og skipulags- og umhverfissviðs) kr. 4.870.000.
 - c. Áætluð eigin vinna starfsmanna í Gámu kr. 300.000.
 - d. Áætlaður kostnaður vegna reksturs húsnæðis Gámu kr. 2.165.000.
 - e. Áætlun vegna lóðar Gámu kr. 2.169.000.
 - f. Áætlaðar afskriftir vegna fastafjármuna í Gámu kr. 633.000.



Akraneskaupstaður

Að lokinni málsmeðferð bæjarstjórnar verður gjaldskráin send til umsagnar heilbrigðisnefndar. Að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar þarf að birta gjaldskrána í Stjórnartíðindum. Stefnt er að því að ný álagning fari fram í byrjun júlí næskomandi og birtist greiðendum með greiðsluseðli fasteignagjalda með gjalddaga þann 15. júlí næstkomandi.

Tilkynningar þessa efnis verða birtar á heimasíðu Akraneskaupstaðar eftir framvindu svo íbúar (greiðendur gjaldanna) séu sem best upplýstir um þennan þátt.

Akranesi, 10. júní 2016

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Steinar Adolfsson". The signature is fluid and cursive, with a large, stylized initial 'S' on the left.

Steinar Adolfsson,
sviðsstjóri

Fylgiskjöl:

1. Drög að gjaldskrá Akraneskaupstaðar fyrir hirðu og eyðingar sorps